

Útboð vegna gatnaframkvæmda og jarðvinnu hins nýja þjóðarsjúkrahúss við Hringbraut



Nýr Landspítali ohf hefur auglýst útboð, í samstarfi við Ríkiskaup og Framkvæmdasýslu ríkisins, vegna framkvæmda við Hringbrautarverkefnið. Um er að ræða framkvæmdir vegna jarðvinnu fyrir meðferðarkjarnann, götur, göngustíga, bílastæði og annan lóðafrágang, ásamt fyrirhuguðum bílakjallara.

Meðferðarkjarninn er stærsta byggingin í uppbyggingu Hringbrautarverkefnisins. Aðrar byggingar eru nýtt sjúkrahótel, sem þegar er risið og verður tekið í notkun innan skamms, rannsóknahús og bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús.

Gunnar Svavarsson framkvæmdastjóri NLSH: „Útboð vegna jarðvinnu við nýjan meðferðarkjarna er stór áfangi í Hringbrautarverkefninu. Nýr meðferðarkjarni mun gerbreyta allri aðstöðu fyrir sjúklinga, starfsmenn og aðstandendur. Samkvæmt okkar áætlunum mun bygging spítalans verða lokið 2024 í samræmi við framlagða fjármálaáætlun 2019-2023. Fullnaðarhönnun, stendur nú yfir og hefur verið notuð aðferðarfræði notendastudrar hönnunar sem leiðir það af sér að hagsmunaaðilar taka virkan þátt í hönnunarferlinu. Hönnun hússins er í höndum Corpus-hópsins, en Spítal-hópurinn sér um gatna-, veitna- og lóðahönnun.“

Opnun tilboða verður hjá Ríkiskaupum 6.júní næskomandi.

Nánari upplýsingar.

Meðferðarkjarninn er stærsta byggingin í Hringbrautarverkefninu, 66 þúsund fermetrar, og gegnir lykilhlutverki í starfseminni. Meðferðarkjarninn er hugsaður út frá starfsemi bráða og háskólasjúkrahúss, með áherslu á einfalt og skýrt fyrirkomulag. Meðferðarkjarninn tengist öðrum starfseiningum Landspítala með tengigöngum og tengibrúm. Meðferðarkjarninn verður á sex efri hæðum auk tveggja hæða kjallara.

Allar upplýsingar um framkvæmdina þegar hún fer af stað sumarið 2018 verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri Nýs Landspítala.

GSM 866 1378 eða netfangið magnus@nlsh.is

